

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

Auglýsing um lákkun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri, undirskrifuð af skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins 20. marz 1943, nr. 57.

Ríkisstjóraúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 19. apríl 1943, nr. 58.

Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af ríkisstjóra 20. apríl 1943, nr. 59.

Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, undirskrifuð af ríkisstjóra 29. apríl 1943, nr. 60.

Lög um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 61.

Auglýsing um kosningu ríkisstjóra, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. maí 1943, nr. 62.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 63.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 32. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, um tundurduflaveiðar herstjórnarinnar við strendur landsins. 7. maí

Brezki sendifulltrúinn hefur tilkynnt ráðuneytinu, að reglulegar tundurduflaveiðar séu nauðsynlegar á hafinu kringum Ísland, og eru skipstjórar allra íslenzkra skipa því hér með, sjálfra sín vegna, aðvaraðir um að koma ekki of nálægt skipum, sem við tundurduflaveiðar fást, bæði vegna öryggis skipa sinna og veiðarfæra. Skip, sem fást við tundurduflaveiðar, hafa eftirfarandi merki:

Að degi til: Svarta kúlu í siglutoppnum og svarta kúlu í ráarendu.

Að nóttu til: Græn ljós, sýnileg á alla vegu, í stað svörtu kúlnanna. Þessi ljós eru aðeins sýnd þegar þarf að aðvara skip vinnuþjóðar.

Þegar mögulegt er, ættu skip að halda sig að minnsta kosti 500 metra frá skipum, sem hafa þessi merki, og alls ekki fara yfir leið þeirra fyrir aftan þau í minna en 1000 metra fjarlægð né gera tilraun til að komast í gegnum hóp slíkra skipa.

Það skal og fram tekið, að skip ættu, sjálfra sín vegna, að halda sig í nokkurri fjarlægð frá samflota lestum herskipa og kaupskipa. Á þetta alveg sérstaklega við fiskiskip á svæðinu austur af Garðskaga. Vegna árekstrarhættu er nauðsynlegt að vera vel á verði um það, hvort skipalestir nálgast, og gera í tæka tíð ráðstafanir til þess að verða ekki á vegi þeirra.

Bréf félagsmálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Strandasýslu, um skiptingu Hrófbergshrepps í tvö sveitarfélög. 19. maí

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Hrófbergshrepps og meðmælum sýslunefndar Strandasýslu, um skiptingu Hrófbergshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1937, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Hrófbergshreppi í Strandasýslu skal skipt í tvö sveitarfélög er nefnast Hrófbergshreppur og Hólmavíkurreppur. Hreppamörkin skulu vera um Ósá og nær

70
19. maí

Hólmavíkurhreppur yfir kauplínið Hólmavík ásamt jörðunum Kálfanesi, Skeljavík, Vatnshorni, Þiðriksvöllum, Víðidalsá og Hrófá.

2. Sjóðir, aðrir en ellistyrktarsjóður hins forna Hrófborgshrepps, skulu skiptast þannig, að í hluta Hólmavíkurhrepps komi 83,8% og í hluta Hrófborgshrepps 16,2%.
3. Hlutdeild hvors hreppsins um sig í læknisbústaðnum í Hólmavík, verði þannig, að þann hluta læknisbústaðarins, sem hinn forni Hrófborgshreppur átti, eignast Hólmavíkurhreppur að 83,8 hundruðustu hutum, en Hrófborgshreppur að 16,2 hundruðustu. Í sömu hlutföllum taka þeir að sér skuldir vegna læknisbústaðarins.
4. Hafskipabryggjan í Hólmavík verði séreign Hólmavíkurhrepps, enda skal hann ábyrgjast allar skuldir vegna bryggjunnar, og ef unnt er, komast að samkomulagi við lánardrottna, um að Hrófborgshreppur skuli losna undan skuldbindingum sínum hennar vegna, eða leysa Hrófborgshrepp undan þeim á annan hátt.
5. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg, og einnig þeirra, sem úrskurðaðir kunna að verða á hinn forna Hrófborgshrepp. Hvor hreppsnefnd annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan síns hrepps.

Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega. Sá hreppanna, sem ekki hefur greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína, af sameiginlegum framfærslukostnaði, skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum framfærslukostnaði. Framlög hreppanna, til elli- og örorkutrygginga, móti framlagi annars staðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði við framfærslu sameiginlegra styrkþega.

6. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign Hrófborgshrepps en hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps skal eiga rétt á, að fá þær lánaðar þegar hún þarfnast. Hvor hreppsnefndin um sig skal kaupa sínum hreppi nýjar gerðabækur.
7. Um þeir eignir, sem hreppsnefndirnar sömdu um skipti á, á sameiginlegum fundum sínum, 22. febrúar 1942 og 12. apríl síðastliðinn, skal fara eins og þar samdist.
8. Ef hinn forni Hrófborgshreppur hefur átt einhverjar eignir, sem ekki er hér að framan kveðið á um hvernig skipta skuli, skal skipta þeim eftir vísitölunni 16,2 fyrir Hrófborgshrepp, og 83,8 fyrir Hólmavíkurhrepp.

Sama gildir um skuldir, sem eins er ástatt um. Ef ekki næst samkomulag um það hvor hreppurinn skuli leysa til sín slíkar eignir, skal Hólmavíkurhreppi rétt og skylt að gera það, eftir mati dómkvaddra manna.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Hrófborgshreppi, sem dómþinghá né manntalsþinghá.